

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1195/2006

2009/EES/37/24

frá 18. júlí 2006

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð (EB) nr. 850/2004 ⁽¹⁾, einkum a-lið 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin lét fara fram rannsókn á framkvæmd ákvæða um úrgang í reglugerð (EB) nr. 850/2004.

2) Fyrirhuguð styrkleikamörk í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 eru talin heppilegust til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið með tilliti til eyðingar eða óafturkræfrar ummyndunar þrávirkra, lífrænna mengunarefna.

3) Ekki er til nein viðurkennd og viðeigandi greiningaraðferð til að ákvarða heildarstyrk toxafens sem er blanda fleiri en 670 efna. Þó voru ekki tilgreindar neinar birgðir í Evrópusambandinu í framangreindri rannsókn sem voru úr, innihéldu eða voru mengaðar af toxafeni. Auk þess sýndi rannsóknin fram á að þegar varnarefni, sem innihéldu þrávirk, lífræn mengunarefni, greindust í úrgangi var styrkur þeirra yfirleitt mikill samanborið við fyrirhuguð styrkleikamörk. Fyrst um sinn geta tiltækar greiningaraðferðir til að ákvarða toxafen talist fullnægjandi í skilningi þessarar reglugerðar.

4) Styrkleikamörkin fyrir PCDF-eða PCDD-efni eru gefin upp sem eiturjafngildisstyrkur (TEQ) og eru notaðir eiturjafngildisstuðlar (TEF) Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar frá 1998. Fyrirliggjandi gögn um díoxínlík PBC-efni (fjölklóruð bifényl) nægja ekki til að unnt sé að reikna þessi efnasambönd inn í eiturjafngildisstyrkinn (TEQ).

5) Hexaklórsýklóhexan (HCH) er heitið á tæknilegri blöndu mismunandi hverfa (isomers). Fullnaðargreining á þeim yrði ekki fyrirhafnarinnar virði. Aðeins alfa-, beta- og gamma-HCH skipta máli í eiturefnafræðilegu tilliti. Því gilda styrkleikamörkin eingöngu um þau. Flestar staðlaðar blöndur á markaði til efnagreiningar þessa efnasambandaflokks geta aðeins sanngreint þessar hverfur.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 850/2004 til samræmis við það.

7) Nefndin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 17 gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004, hefur ekki, eftir samráðið 25. janúar 2006, skilað álit um ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. 2006, ESB L 217, 8.8.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 107/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 21.2.2008, bls. 21.

(1) Stj. 2004, ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7. Leiðrétt útgáfa í Stj. 2009, ESB L 229, 29.6.2004, bls. 5.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2006.

Fyrir hönd ráðsins,

J. KORKEAOJA

forseti.

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

Skrá yfir efni sem falla undir ákvæði 7. gr. um meðhöndlun úrgangs

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Styrkleikamörk sem um getur í a-lið 4. mgr. 7. gr.
Aldrín	309-00-2	206-215-8	50 mg/kg
Klórdan	57-74-9	200-349-0	50 mg/kg
Dieldrín	60-57-1	200-484-5	50 mg/kg
Endrín	72-20-8	200-775-7	50 mg/kg
Heptaklór	76-44-8	200-962-3	50 mg/kg
Hexaklórbensen	118-74-1	200-273-9	50 mg/kg
Mírex	2385-85-5	219-196-6	50 mg/kg
Toxafen	8001-35-2	232-283-3	50 mg/kg
Fjölklóruð bifényl (PCB-efni)	1336-36-3 og önnur	215-648-1	50 mg/kg (*)
DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klórfenýl)etan)	50-29-3	200-024-3	50 mg/kg
Klórdékón	143-50-0	205-601-3	50 mg/kg
Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrón (PCDD-og PCDF-efni)			15 µg/kg (**)
Summan af alfa-, beta- og gamma-HCH	58-89-9, 319-84-6, 319-85-7	206-270-8, 206-271-3 og 200-401-2	50 mg/kg
Hexabrómbifényl	36355-01-8	252-994-2	50 mg/kg

(*) Beita skal reiknaðferðinni sem mælt er fyrir um í Evrópustöðlunum EN 12766-1 og EN 12766-2 eftir atvikum.

(**) Mörkin eru reiknuð sem PCDD- og PCDF-efni samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

	TEF
PCDD	
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01
OCDD	0,0001
PCDF	
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0001 ⁴